Nd. **428. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að íhuga og koma fram með tillögur um mál iðju og iðnaðar.

(Eftir síðari umr. í Ed.).

Alþingi ályktar, að skipa skuli fimm manna milliþinganefnd til þess að íhuga og bera fram tillögur um mál iðju og iðnaðar. Ríkisstjórnin skipar nefndina þannig: Einn samkvæmt tillögum Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, annan samkvæmt tillögum Sambands íslenzkra samvinnufélaga, þriðja samkvæmt tillögum Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, fjórða samkvæmt tillögum Alþýðusambands Íslands, hinn fimmta skipar ríkisstjórnin, og er hann formaður nefndarinnar.

Nefndinni er einkum ætlað að inna af hendi:

a. Að endurskoða tollalöggjöfina að því er iðju og iðnað snertir.
b. Að athuga möguleika um aukna innlenda iðju, einkum um það, að vinna úr þeim efnum, sem til eru í landinu, og þeim vörum, sem landið sjálft framleiðir.

Nefndarmenn starfa kauplaust, en nauðsynlegur kostnaður í sambandi við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.